

Reykjavík, 2. desember 2002

Til menntamálanefndar, allsherjarnefndar
og iðnaðarnefndar Alþingis
b/t Helgu E. Þórisdóttur nefndarritara
Alþingi
150 Reykjavík
Fax 563 0430

Með bréfi dags. 21. nóvember 2002 hafa Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi verið send þrjú frumvörp til laga til umsagnar. Leitað er eftir umsögn læknaáðs LSH.

Frumvörp þessi eru:
Opinber stuðningur við vísindarannsóknir – 357. mál.
Vísinda- og tækniráð – 336. mál.
Opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins – 345. mál.

Læknaáð LSH fékk lagafrumvörp þessi til umsagnar sl. vor með bréfi dags. 6. mars 2002. Stjórn læknaáðs LSH fjallaði sérstaklega um lagafrumvörp þessi og taldi jafnframt rétt að Vísindaráð LSH fengi lagafrumvörpin til umfjöllunar. Athugasemdir stjórnar læknaáðs LSH og athugasemdir Vísindaráðs LSH við lagafrumvörp þessi voru samhljóða og var athugasemdum komið á framfæri við nefndasvið Alþingis með bréfi dags. 27. mars 2002.

Í athugasemdum þeim sem að hér er ofan til vísað var lagt til að fellt yrði niður úr frumvarpi til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir að tekjur af einkaleyfum eða endurgreiðslum af styrkjum til verkefna sem notið hefðu stuðnings Rannsóknasjóðs skyldu renna til sjóðsins. Var rökstutt hversvegna þessi athugasemd var gerð og tillaga lögð fram. Með tilliti til athugasemda við lagafrumvarp þetta nú og m.t.t. 3. greinar lagafrumvarps þessa um tekjur Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs hefur verið orðið við ábendingu þeirri sem að ofan greinir og fyrra ákvæðið fellt í burtu.

Í fyrri athugasemdum stjórnar læknaáðs var vakin athygli á því að það fyrirkomulag við mat á umsóknum sem byggt hafi verið upp á undangengum árum af RANNÍS hafi verið vel gegnsætt, því hefði verið vel treyst og það tryggði eins og kostur var vönduð vinnubrögð í sambandi við úthlutun úr sjóðnum. Þetta hefur byggst á mati fagraða og síðan á úthlutun samkvæmt mati sérstakrar úthlutunarnefndar sem valin hafði verið af RANNÍS.

Þessi nefnd hefur verið lögð niður, en þess í stað skipar menntamálaráðherra fimm manna stjórn Rannsóknasjóðs. Samkvæmt 4. grein laganna um opinberan stuðning við vísindarannsóknir skipar stjórnina formaður Vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs sem jafnframt er formaður sjóðsstjórnar, fjórir einstaklingar sem hafa reynslu af eða þekkingu á vísindarannsóknnum samkvæmt tilnefningu Vísindnefndar Vísinda- og tækniráðs.

Í 2. grein frumvarpsins segir um hlutverk Rannsóknasjóðs að styrkir skulu veittir samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarkerfna, færni þeirra einstaklinga sem stunda rannsóknirnar og aðstöðu þeirra til að sinna verkefninu. Ákvörðun um styrkveitingu skal bundin hinu faglega mati.

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA

Skrifstofa læknaáðs • Hringbraut • 101 Reykjavík • Sími: 543 1180 • fax: 560 1957 • netfang:


laeknarad@landspitali.is

Telja verður með þessum ákvæðum í greinum laganna sé með óbeinum hætti tekið tillit til ábendingar í fyrri athugasemdum stjórnar læknaáðs á faglegum forsendum fyrir veitingu rannsóknastyrkja.

Í fyrrnefndum athugasemdum stjórnar læknaáðs frá 27. mars 2002 var lagt til að LSH gerði það að tillögu sinni að heilbrigðisráðherra sæti í Vísinda- og tækniráði og voru sett fram fyrir því sterk rök og er vísað til þeirra eins og þau eru fram sett í ofangreindum athugasemdum. Var lagt til að 3. grein frumvarpsins um Vísinda- og tækniráð yrði breytt í samræmi við þetta. Við þessu hefur ekki verið orðið og eru það forsætisráðherra, fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og menntamálaráðherra sem eiga föst sæti í ráðinu. Enn er það ábending frá stjórn læknaáðs að heilbrigðisráðherra skuli eiga fast sæti í ráðinu, enda þótt að greinin geri ráð fyrir því að forsætisráðherra skuli vera heimilt að kveðja allt að tvo ráðherra til setu í ráðinu í senn, auk þeirra sem þar eiga fasta setu fyrir að því að skilið verður.

Stjórn læknaáðs LSH hefur ekki aðrar athugasemdir við lagafrumvörp þessi og metur þau atriði í fyrri athugasemdum við lagafrumvörp þessi sem tekin hafa verið til greina með beinum og óbeinum hætti og birtast í hinum endurskoðuðu lagafrumvörpum sem hér eru til umsagnar.

Virðingarfyllst,



Sverrir Bergmann formaður
læknaáðs LSH

Afrit:

Magnús Pétursson forstjóri LSH

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA

Skrifstofa læknaáðs • Hringbraut • 101 Reykjavík • Sími: 543 1180 • fax: 560 1957 • netfang:

laeknarad@landspitali.is